



Skrifstofa Alþingis, nefndasvið

B.t. umhverfis- og samgöngunefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2018

Tilvísun: 2018040059

SÁG/SS/SE/EHj.

Tilv. ykkar:

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.**

Með tölvupósti dags. 20. apríl sl. fékk Vegagerðin til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 425 mál. Var þess farið á leit að umsögn bærist nefndasviði Alþingis á rafrænu formi, eigi síðar en 4. maí sl. Ekki náðist að skila umsögn um frumvarpið innan þessara tímamarka en veittur var viðbótarfrestur til 23. maí nk.

### **Almennar athugasemdir við efni frumvarpsins.**

Í greinargerð með frumvarpi til laganna er að finna almenna umfjöllun um löggjöf sem tengist skipulagi á haf- og strandsvæðum. Sú löggjöf fellur undir málefna svið nokkurra mismunandi ráðuneyta en sérstaklega er fjallað um löggjöf þá er heyrir undir málefna svið samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins í kafla 4.2 í greinargerðinni. Fer ráðuneytið m.a. með samgöngur í lofti, á láði og legi, þar á meðal hafnir, vita og sjóvarnir, skipulag og uppbyggingu samgöngukerfisins, eftirlit með umferð skipa og leiðsögu og vöktunar-, upplýsinga- og eftirlitskerfi samgangna. Þær stofnanir ráðuneytisins sem annast málefni á framangreindum sviðum séu Samgöngustofa og Vegagerðin. Fram kemur m.a. að Samgöngustofa fari með málefni á sviði laga nr. 28/1997, um sjóvarnir. Vegagerðin bendir á að hér er ekki rétt með farið. Hið rétta er að Vegagerðin annast framkvæmd laga nr. 28/1997, um sjóvarnir og tók við hlutverki Siglingastofnunar skv. lögnum við sameiningu samgöngustofnana á sínum tíma.

Vegagerðin veltir því fyrir sér hvort sjóvarnarlög, nr. 28/1997, hafi verið skoðuð við frumvarpssmiðina og komist að þeirri niðurstöðu að engra breytinga væri þörf á þeim lögum. Sjóvarnir eru ekki nefndar í þessu frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða þó þær séu ein algengustu mannvirkin á gildissvæði laganna.

Af hálfu Vegagerðarinnar er bent á að skv. 2. gr. hafnalaga nr. 60/2003, skuli settar reglugerðir fyrir allar hafnir, er tilgreini mörk þeirra. Skal þar m.a. kveðið á um stærð og mörk hafnasvæðis á sjó og landi. Skipulag hafnasvæðis, sbr. 5. gr. hafnalaga skal miðast við þarfir hafnar hverju sinni. Hafnarstjórnir á hverjum stað gera skipulagstillögu að hafnarsvæði til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Vegagerðina. Getur hafnasvæði því hæglega náð út fyrir svonefnd netlög þ.e. 115 metra frá stórstraumsfjöruborði. Frumvarpið gerir ráð fyrir að svonefnt *strandsvæðisskipulag* verði skipulagsáætlun fyrir nánar afmarkað strandsvæði. Strandsvæðisskipulag skuli vera byggt á og í samræmi við stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Það skuli ná frá netlögum en skipulagsvald sveitarfélaga nær að netlögum. Hafnasvæði hafa verið skilgreind í hafnarreglugerðum þannig að þau ná yfir svæði sem bæði

fellur utan og innan netlaga. Í ljósi þess að fram kemur að gert sé ráð fyrir að lögin, verði þau samþykkt, verði sérlög um gerð skipulags á haf- og strandsvæðum veltir Vegagerðin fyrir sér hvort ekki sé óheppilegt að hafnasvæði falli undir tvenn skipulagsyfirvöld og því sé tilefni til sérstakrar skoðunar á því hvort fella eigi hafnasvæði undan gildissviði þeirra með breytingum á ákvæðum frumvarpsins.

### **Athugasemdir og breytingatillögur við einstakar greinar frumvarpsins.**

#### **1) 2. gr. Gildissvið.**

Í 2. gr. frumvarpsins er miðað við að gildissvið laganna nái til haf- og strandsvæða frá línu sem afmörkuð er 30 m landmegin við meðalstórstraumsflóð út að ytri mörkum efnahagslögunnar. Miðað við núgildandi löggjöf þá nær skipulagsvald sveitarfélaga að útmörkum fasteigna í sveitarfélaginu en þau miðast við netlög sem eru 115 metra frá meðalstórstraumsfjöruborði. Eins og að framan greinir nær skilgreint hafnarsvæði í mörgum tilvikum út fyrir netlög. Af því leiðir að tvenns konar skipulag tæki til hafnasvæðis, annars vegar skipulag viðkomandi sveitarfélags og hins vegar mögulega strandsvæðisskipulag. Skoða þyrfti betur hvort þessi tilhögun kunni að valda vandkvæðum við gerð skipulags fyrir hafnarsvæði.

Með vísan til framangreinds er lagt til að skoðað verði hvort rétt sé að undanskilja hafnasvæði frá gildissviði laganna.

#### **2) 3. gr. Orðskýringar.**

Vegagerðin bendir á að í lögunum er að finna mismunandi skilning á hugtakinu strandsvæði. Annars vegar eru „Haf- og strandsvæði“ skilgreind frá línu sem afmörkuð er 30 m landmegin við meðalstórstraumsflóð og hins vegar eru „strandsvæði“ skilgreind frá netlögum, 115 m utan stórstraumsfjöruborðs, og út að viðmiðunarlínu fiskveiðilandhelgi. M.ö.o. þá ná „haf- og strandsvæði“ upp á land en „strandsvæði“ eru alfarið skilgreind á sjó, utan netlaga. Mismunandi skilgreining á „haf- og strandsvæði“ og „strandsvæðis“ kann mögulega að valda óvissu um það yfir hvaða svæði „strandsvæðisskipulagi“ eins og það er skilgreint í 5. tölulið 3. gr. er ætlað að ná. Hugtakið tekur ýmist til svæðis utan netlaga, sem vísar til skilgreiningar á „strandsvæði“ en hins vegar miðast það við heildar stefnu um skipulag „haf- og strandsvæða“ og er látið ná til svæðis allt að 30 m landmegin frá stórstraumsflóði.

#### **3) 7. gr. Skipulagsskylda.**

Af frumvarpinu má ráða að stefnumörkun skipulags á haf- og strandsvæðum komi til með að ná inn fyrir mörk skipulags sveitarfélaga sem hafi strandlengju. Kveðið er á um að haft skuli samráð milli aðila en að öðru leyti er ekki tekið á því hvernig leyst skuli úr málum ef ósamræmi er á milli áætlana, t.d. á hafnarsvæðum. Lagt er til að þetta verði skoðað nánar með tilliti til hafnarsvæða en ljóst er að þetta vandamál væri úr sögunni ef ákveðið yrði að undanskilja hafnarsvæði ákvæðum laganna.

#### 4) 9. og 10. gr. Stefna um skipulag haf- og strandsvæða og strandsvæðisskipulag.

Þau mannvirki sem eru algengust og falla undir skilgreind skipulagsmörk eru hafnamannvirki og sjóvarnir en sjóvarna er ekki getið sérstaklega í frumvarpinu sem vekur þá spurningu hvort ákvæðum laganna sé ekki ætlað að ná til þeirra enda eru þau tilgreind á skipulagi sveitarfélaga.

Hér er tilgreint að í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sé lagður grundvöllur fyrir gerð strandsvæðisskipulags varðandi ýmis atriði, svo sem efnistöku. Nauðsynlegt er að bæta „haugsetningu“ inn í þennan lista. Til að viðhalda dýpi í höfnum eða dýpka fyrir stærri skip er nauðsynlegt að losa efnið og sú aðgerð nefnist haugsetning. Í lögum um mat á umhverfiáhrifum, nr. 106/2000 er bæði fjallað um efnistöku og haugsetningu.

Með vísan til framangreinds eru lagðar til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Í 1. mgr. 9. og 10. gr. á eftir orðinu *efnistöku*, .. komi *haugsetningu*.

#### 5) 18. gr. Breyting á öðrum lögum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipulag hafnasvæða þurfi líka að lúta lögum um haf- og strandsvæða en ekki bara skipulagi sveitarfélaga. Eins og áður er vikið að getur orðið skörun á verksviði sveitarfélags annars vegar og svæðisráðs hins vegar hvað snertir hafnamannvirki. Er því lagt til að hafnamannvirki verði undanskilin ákvæðum laganna.

Með vísan til framangreinds er lögð til eftirfarandi breyting á frumvarpinu:

10. tölul. 18. gr. falli brott.

#### Lokaorð

Með vísan til framangreindra athugasemda er lagt til að farið verði sérstaklega yfir lög nr. 28/1997 um sjóvarnir með tilliti til þess hvort frumvarpið kalli ekki á breytingar á þeirri löggjöf. Auk þess er lagt til að skýrð verði nánar hugtaka notkun og gildissvið laganna. Lagt er til að hafnasvæði verði undanskilin ákvæðum frumvarpsins en að öðrum kosti tekin skýr afstaða varðandi tilhögun skipulagsvalds á hafnasvæðum. Á grundvelli framangreinds eru lagðar til nokkrar breytingar á frumvarpinu eins og að framan er rakið.

Virðingarfyllst,



Stefán Erlendsson hdl., LL.M

framkvæmdastjóri stoðsvið.

